



# SELTJARNARNESBÆR

Umhverfis- og tæknisvið Austurströnd 1, 170 Seltjarnarnes.sími 5959100 Fax 5959187

## Áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa skipa

### Almennar upplýsingar um höfnina.

#### *Stjórnsýsluupplýsingar*

Útgefið: 26. október 2012

Höfn: Smábátahöfn á Seltjarnarnesi

Hafnarstarfsemi: Sportbátar og björgunarsveitin Ársæll

Skrifstofa: Austurströnd 1

170 Seltjarnarnes

Tengiliður: Bæjarverkfræðingur (hafnarvörður)

Sími: 8229113

Tölvupóstur: [gh@seltjarnarnes.is](mailto:gh@seltjarnarnes.is)

#### *Áætlanagerð 2012*

Áætlanagerðin er framkvæmd til að uppfylla reglur sem taka mið af að vernda nærumhverfi hafna. Verið er að tryggja viðunandi aðstöðu til móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum ásamt því að sorpi sé skilað til viðurkenndrar förgunar- eða meðhöndlunarstöðva.

#### *Starfsemi á hafnarsvæði*

Höfnin á Seltjarnarnesi er ein af minnstu og grynstu höfnum landsins. Eingöngu er um að ræða smábáta undir 6 metrum að lengd. Höfnin er opin fyrir smábáta sem árlega er úthlutað leguplássi um 7 mánuði á ári. Björgunarsveitin Ársæll hefur aðstöðu við höfnina. Björgunarbátur þeirra er geymdur innandyra í húsnæði björgunarsveitarinnar við höfnina.

### Móttökubúnaður úrgangs við höfnina

#### *1. Þörf fyrir aðstöðu og búnað til móttöku úrgangs á höfninni.*

Tegund skipa	Fjöldi notenda 2012
Smábátar	7
Önnur skip	0

Taflan hér að ofan sýnir fjölda báta sem lágu við flotbryggju í höfninni sumarið 2012.

Ekki liggja fyrir allar tölulegar upplýsingar um magn á úrgangi vegna hafnarinnar. Sumarið 2012 var staðsett sorpmóttaka við landgang að flotbryggju höfnina. Smábátæigendur áttu þannig kost á losa sig við almennt sorp sem og pappír í tunnu. Sumarið 2012 var engu sorpi hent í tunnuna. Það er metið að núverandi aðstaða við sorphirðu við höfnina sé nægjanleg vegna þeirrar litlu starfsemi sem er á svæðinu. Eingöngu er um að ræða sportbáta sem eru úti á sjó í stuttan tíma. Verði bilun í bátum eru bátar dregnir upp á land, og farið með þá annað til viðgerðar.



# SELTJARNARNESBÆR

Umhverfis- og tæknisvið Austurströnd 1, 170 Seltjarnarnes sími 5959100 Fax 5959187

Markmið með töflunni hér að neðan er að sýna fram á upplýsingar um magn af sorpi sem er að koma frá þessari starfsemi. Við endurskoðun áætlunar verður þannig í framtíðinni hægt að sjá þróunina sem og kostnaðarpátt yfir tíma.

	Tegund og gerð móttökubúnaðar	Aðferð við söfnun	Árlegt magn	Kostnaður
Almennur úrgangur (óflokkaður)	Sorptunna 240 l við bryggju Sorptunna 240 l við BÁ	Almenn sorphirða Almenn sorphirða	0 400 kg	17.500 17.500
Endurvinnanlegur úrgangur	Sérferð á gámastöð Sorpu	Sérferð á gámastöð Sorpu		
Brotajárn	Sérferð á gámastöð Sorpu	Sérferð á gámastöð Sorpu		
Spilliefni	Sérferð á gámastöð Sorpu	Sérferð á gámastöð Sorpu		
Fljótandi olíuúrgangur	Sérferð á gámastöð Sorpu	Sérferð á gámastöð Sorpu		
Skolpúrgangur	Sérferð í skólphreinsistöð Orkuveitu Reykjavíkur	Sérferð í skólphreinsistöð OR		
Annað	Eftir samkomulagi	Eftir samkomulagi		

## 2. Aðgengi að móttöku úrgangs.

Við val á staðsetningu ruslatunnu var tekið tillit til aðgengis að þeim. Eigendur báta geta losað sig við sorp í sorpílát hafnarinnar. Ef um annað sort er að ræða, en almennan úrgang, þurfa eigendur að fara sér ferð með úrgang á sorpmóttökustað sveitarfélagsins. Smábátaeigendur sjá um þennan þátt sjálfir.

Fjöldi og tegund íláta fyrir úrgang á höfninni.

Hafnarsvæðið

- 1 ruslatunna (240 lítra) við fyrir almennan úrgang frá bátum, staðsett er við landgang smábátahafnar.

- 1 ruslatunna (240 lítra) fyrir almennan úrgang, er eingöngu ætluð fyrir hús Björgunarsveitarinnar Ársæll og er hún staðsett við húsið.

Staðsetning ruslatunnu er við landgang þar sem farið er niður á flotbryggjuna. Tunnan er á upplýstu svæði.

Á mynd hér til hliðar má sjá staðsetningu móttökubúnaðar fyrir úrgang.

Sorpílátin eru tæmd með reglubundnum hætti á sama tíma og almennt húsasorp í bænum. Sorp er tæmt á um 10 daga fresti.

Sorphirðuaðili er Gámaþjónustan ehf Starfsmaður hafnarinnar fundar 1-2 sinnum á ári með eigendum báta við höfnina.

Engin formeðferð úrgangs fer fram við höfnina. Hins vegar er á áætlun 2013 að taka upp flokkun innan sveitarfélagssins. Á árinu 2013 er fyrirhugað að flokka frá pappír í sér tunnur.

Afhending eða losun á úrgangsolíu fer ekki fram við höfnina.





# SELTJARNARNESBÆR

Umhverfis- og tæknisvið Austurströnd 1, 170 Seltjarnarnes.sími 5959100 Fax 5959187

### 3. Móttaka skólps.

Ekki er tekið er á móti skólpi frá bátum beint af starfsmönnum hafnarinnar. Ef notendur hafnarinnar þurfa að losa skolp úr bátum geta þeir í þeim tilvikum kallað til þjónustuaðila sem hefur yfir að ráða móttökutækjum til slíkrar þjónustu. Bent er á skólphreinsistöð Orkuveitu Reykjavíkur í þessu samhengi.

### 4. Kostnaður við móttöku úrgangs

Um kostnað við almenna sorphirðu sér bæjarsjóður Seltjarnarness.

Í þeim tilvikum sem notast er við þjónustu annarra þjónustuaðila vegna losunar á soppafurðum s.s. vegna olfúrgangs, skólps eða annars, greiðir notandinn viðkomandi þjónustuaðila skv. hans gjaldskrá.

### 5. Upplýsingar til notenda

Á næsta ári fer fram flokkun innan sveitarfélagsins á almennu sorpi. Samhliða þeirri framkvæmd verða notaðar greinagóðar merkingar á ílát til móttöku úrgangs, notendum til upplýsinga.

Engin hafnarvog er á svæðinu en upplýsingar um móttöku úrgangs og meðferð á höfninni og hafnarvæðinu er hægt að nálgast hjá bæjarverkfræðing (hafnarstjóra).

Ef notendur hafnarinnar vilja koma á framfæri ábendingum er það gert í gegnum reglubundna fundi sem haldnir eru tvisvar á ári með notendum hafnarinnar. Þar er m.a. rætt um hvað betur má fara eða bera fram kvartanir vegna þjónustu hafnarinnar. Einnig getur viðkomandi sent inn skriflegt erindi eða kvörtun til bæjarverkfræðings Seltjarnarnesbæjar á netfangið [stefans@seltjarnarnes.is](mailto:stefans@seltjarnarnes.is). Reynt er að bregðast við ábendingum og kvörtunum eins fljótt og kostur er.

## Samráð

Áætlunin var unnin út frá reynslu undangenginna ára sem og þess samstarfs sem verið hefur við notendur hafnarinnar.

## Úrvinnsla og ábyrgð á framkvæmd

Starfsmaður hafnarinnar heldur utan um magn og helstu tegundir úrgangs við höfnina. Úrgangur og kynning á förgun úrgangs til smábátaeigenda er á ábyrgð starfsmanns hafnar sem ennfremur sheldur utanum framkvæmd áætlunarinnar og skráningu móttækis úrgangs.

## Endurskoðun

Endurskoða skal þessa áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa á þriggja ára fresti, næst árið 2015, samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 792/2004. Endurskoðun fer fram fyrr, þ.e. ef meiriháttar breytingar verða á rekstri hafnarinnar.

## Lög og reglugerðir

Stuðst er við ákvæði eftirfarandi laga og reglugerða við vinnu þessarar áætlunar:

Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs

Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Reglugerð nr. 801/2004 um varnir gegn sorpmengun frá skipum

Reglugerð nr. 792/2004 um móttöku á úrgangi frá skipum

Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni

Stefán Eiríkur Stefánsson  
bæjarverkfræðingur Seltjarnarnesbæjar (hafnarstjóri)